

Heiti verkefnisins	Fræðsluáætlun varðandi umhverfis og loftslagsmál
Númer verkefnis <sup>2</sup>	2022-06
Markmið	<p>Meginmarkmið verkefnisins er að efla staðbundna þekkingu á Norðurlandi eystra í umhverfismálum með framkvæmd ítarlegrar greiningar á fræðsluþörf íbúa á svæðinu um loftslags- og umhverfismál og gerð fræðsluáætlunar. Verkefnið er sniðið að landshlutasamtökum, sveitarfélögum og öðrum hagaðilum á Norðurlandi eystra og hefur yfirfærslugildi á stofnanir, fyrirtæki, sveitarfélög og íbúa.</p> <p>Þekking fólks og aukinn skilningur á umhverfinu er grundvöllur þess að geta unnið að framþróun í umhverfis- og loftslagsmálum. Því er afar aðkallandi að vinna faglega að gerð fræðsluáætlunar og greiningar á fræðsluþörf íbúa á svæðinu.</p>
Stutt verkefnaýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Umhverfis- og loftslagsmál verða sífellt mikilvægari og stærri þáttur í lífi okkar og starfi. Aukið álag á náttúru og umhverfi kallar á meira tillit til verndunarsjónarmiða, grænna lausna og sjálfbærni. Nýjar leikreglur í þessum málum krefjast meiri meðvitundar fólks um umhverfi sitt og umgengni og segja má að forsenda sjálfbærrar þróunar felist því í aukinni þekkingu fólks.</p> <p>Í þessu verkefni er unnið að gerð fræðslugreiningar varðandi umhverfis- og loftslagsmál fyrir sveitarfélög og aðra hagaðila á Norðurlandi eystra. Út frá þeirri greiningu verður útbúin fræðsluáætlun sem mun hafa yfirfærslugildi á fleiri aðila og stofnanir á svæðinu.</p> <p>Fræðslugreiningin verður unnin með framkvæmd rýnihópa og spurningakönnunar. Um er að ræða tvo rýnihópa með fulltrúum starfsmanna sveitarfélaga, ríkisstofnana, fyrirtækja, SSNE og kjörinna fulltrúa á Norðurlandi eystra.</p> <p>Spurningakönnunin verður lögð fyrir stærra úrtak með fulltrúum fyrrgreindra aðila sem þátttakendur í könnuninni.</p> <p>Stofnaður verður 6 manna stýrihópur um verkefnið með aðilum frá SSNE, sveitarfélögum á Norðurlandi eystra, Landvernd og Umhverfisstofnun. Hlutverk hópsins er m.a. ráðgjöf við mótun rýnihópa og gerð spurningakönnunar á fyrri stigum greiningarvinnunnar. Á síðari stigum vinnunnar mun stýrihópurinn vinna að mati á greiningarvinnunni og gerð fræðsluáætlunarinnar.</p> <p>Gerð fræðsluáætlunarinnar mun meðal annars taka mið af framboði náms- og kynningarefnis sem nú þegar er til staðar. Þar er m.a. um að ræða efni frá Umhverfisstofnun, Landvernd og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Meðal þess sem gerð fræðsluáætlunar nær yfir er greining á því hvort nú þegar sé til náms- og kynningarefni sem uppfyllir fræðsluþörf hópsins eða hvort eitthvað vanti upp á.</p> <p>Verkefnið er unnið í samstarfi Þekkingarnets Þingeyinga og Símeys. Báðar stofnanirnar hafa víðtæka reynslu af fræðslumálum og hafa m.a. unnið fræðsluáætlanir fyrir fyrirtæki og stofnanir á Norðurlandi eystra í sameiningu áður.</p>

	<p>Verkpættir</p> <table border="1"> <thead> <tr> <th>Verkpáttur</th> <th>Hefst</th> <th>Lýkur</th> </tr> </thead> <tbody> <tr> <td>V1. Fræðslugreining - fyrirbyggjandi gögn</td> <td>01.03.2022</td> <td>01.04.2022</td> </tr> <tr> <td>V2. Fræðslugreining - frumgögn</td> <td>01.04.2022</td> <td>01.10.2022</td> </tr> <tr> <td>V3. Greining á framboði fræðsluefnis</td> <td>01.05.2022</td> <td>01.06.2022</td> </tr> <tr> <td>V4. Gerð fræðsluáætlunar í skýrsluformi</td> <td>01.11.2022</td> <td>01.03.2023</td> </tr> <tr> <td>V5. Kynningarefni fyrir heimasíðu</td> <td>01.01.2023</td> <td>01.02.2023</td> </tr> <tr> <td>V6. Kynningarfundir</td> <td>01.02.2023</td> <td>01.03.2023</td> </tr> </tbody> </table>	Verkpáttur	Hefst	Lýkur	V1. Fræðslugreining - fyrirbyggjandi gögn	01.03.2022	01.04.2022	V2. Fræðslugreining - frumgögn	01.04.2022	01.10.2022	V3. Greining á framboði fræðsluefnis	01.05.2022	01.06.2022	V4. Gerð fræðsluáætlunar í skýrsluformi	01.11.2022	01.03.2023	V5. Kynningarefni fyrir heimasíðu	01.01.2023	01.02.2023	V6. Kynningarfundir	01.02.2023	01.03.2023
Verkpáttur	Hefst	Lýkur																				
V1. Fræðslugreining - fyrirbyggjandi gögn	01.03.2022	01.04.2022																				
V2. Fræðslugreining - frumgögn	01.04.2022	01.10.2022																				
V3. Greining á framboði fræðsluefnis	01.05.2022	01.06.2022																				
V4. Gerð fræðsluáætlunar í skýrsluformi	01.11.2022	01.03.2023																				
V5. Kynningarefni fyrir heimasíðu	01.01.2023	01.02.2023																				
V6. Kynningarfundir	01.02.2023	01.03.2023																				
Málaflokkur (tilgreinið málaflokk og undir hvaða ráðuneyti hann heyrir.)	Umhverfis- og auðlindaráðuneyti																					
Framkvæmdaaðili	Þekkingarnet Þingeyinga og Símei leiða verkefnið og leiða aðra að borðinu.																					
Samstarfsaðilar	Leitast verður eftir samstarfi við aðila sem tengjast verkefninu á einn eða annan hátt s.s. SSNE, sveitarfélög á Norðurlandi eystra, Landvernd og Umhverfisstofnun sem öll munu eiga fulltrúa í stýrihópi verkefnisins.																					
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Umhverfismál eru einn af lykilmálaflokkum sóknaráætlunar Norðurlands eystra 2020-2024. Framtíðarsýn sóknaráætlunar kveður m.a. á um aukna vitund íbúa um umhverfi og neyslu í samfélagslega ábyrgum landshluta. Hlutverk SSNE er þar að tryggja viðvarandi umræðu og upplýsingagjöf vegna opinberrar stefnu í umhverfismálum.</p> <p>Þetta verkefni fellur vel að þessari stefnu sóknaráætlunar þar sem það felur í sér ítarlega greiningu á þeim reglugerðum, lögum og stefnum sem að okkur snúa og varða umhverfis- og loftslagsmál.</p> <p>Út frá þeirri vinnu verður framkvæmd greining á fræðsluþörf starfsmanna sveitarfélaga, Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, kjörinna fulltrúa og annarra hagaðila hvað þetta málefni varðar. Að lokum verður útbúin fræðsluáætlun um umhverfis- og loftslagsmál fyrir sveitarfélög og aðra hagaðila á Norðurlandi eystra. Áætlunin mun hafa yfirfærslugildi yfir á aðrar stofnanir á svæðinu, en með henni skapast m.a. verkfæri fyrir þau til að staðsetja sig betur í umhverfismálum, vinna stefnur og fylgja þeim eftir.</p> <p>Verkefnið fellur afar vel að meginmarkmiðum Sóknaráætlunar varðandi umhverfismál sem eru m.a.:</p> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. að marka framtíðar- og heildarsýn landshlutans í umhverfismálum,</li> <li>2. að efla staðbundna þekkingu á svæðinu í umhverfismálum,</li> <li>3. að leggja okkar af mörkum til að mæta skuldbindingum Íslands varðandi bindingu CO2,</li> <li>4. að koma til móts við þau markmið sem sett eru fram í landsáætlun varðandi meðferð úrgangs</li> </ol> <p>Liður 2.1 í aðgerðaáætlun sóknaráætlunar snýr að gerð fræðsluáætlunar varðandi umhverfis- og loftslagsmál sem sveitarfélög og aðrir hagaðilar</p>																					

	geta nýtt sér og fellur framlag verkefnisins því fullkomlega að því markmiði.
Tengsl við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<p>Mikil áhersla er lögð á umhverfismál í sóknaráætlun SSNE þar sem m.a. er tekið mið af heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun. Verkefnið snertir þessa þætti beint og má þá sérstaklega nefna heimsmarkmið nr. 3, 6, 7,11, 12, 13, 14 og 15.</p> <p>Til að ná árangri í innleiðingu heimsmarkmiðanna þurfa sveitarfélög að hafa samráð við íbúa, fyrirtæki og stofnanir innan svæðisins við undirbúning innleiðingar sem og til að tryggja þátttöku þeirra. Til þess að það sé hægt er nauðsynlegt að bæta þekkingu þeirra á markmiðunum t.d. með fræðslu, fundum og árangursmælingum sem eru meðal meginþátta þessa verkefnis. Fellur það því vel að aðferðafræði verkfærakistu sveitarfélaganna um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.</p>
Árangursmælikvarðar	<p>Þetta verkefni veitir atvinnulífi svæðisins stuðning og hjálpar við að aðlagast breyttum tíma og auknum kröfum um umhverfisvernd og loftslagsmál.</p> <p>Mælanlegan ávinning má greina með ýmis konar mælanlegum markmiðum í umhverfismálum s.s.:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi námskeiða og fyrirlestra um umhverfismál á svæðinu</li> <li>• Fjöldi sveitarfélaga og stofnana með skýra umhverfisstefnu á svæðinu</li> <li>• Mælanleg þekking íbúa um umhverfismál á starfssvæði SSNE (mælt með spurningakönnun)</li> </ul>
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<p>Meðal þess sem verkefnið skilar er ítarleg fræðsluáætlun um loftslags- og umhverfismál sem nýtist landshlutasamtökum, sveitarfélögum og öðrum hagaðilum á svæðinu. Yfirfærslugildi verkefnisins er afar mikið þar sem umhverfismál snerta alla í dag, hvort sem um er að ræða stofnanir, fyrirtæki, sveitarfélög, íbúa eða aðra. Þar sem þekking fólks og aukinn skilningur á umhverfinu er lykillinn að því að geta unnið að framþróun í umhverfis- og loftslagsmálum er afar aðkallandi að vinna faglega að gerð fræðsluáætlunar og greiningar á fræðsluþörf íbúa á svæðinu.</p> <p>Kynningarefni verður auk þess útbúið fyrir heimasíður og verkefnið kynnt með rafrænum hætti á vefsíðum og samfélagsmiðlum stofnananna. Einnig verður óskað eftir því að kynna verkefnið á ársþingi SSNE sem og með markpósti til sveitarfélaga og annarra hagaðila. Að verkefnistímabilinu loknu er fyrir séð að fræðsluáætlunin verði framkvæmd með markvissum hætti og atvinnusköpunin feli í sér störf sem því tengjast. Þar er um að ræða annað og sjálfstætt verkefni sem grundvallast á vinnu þessa verkefnis en er ekki hluti af því.</p>
Upphaf og lok verkefnis	Upphaf: 1.mars 2022 Lok: 1.mars 2023
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	4.525.000

Framlag úr sóknaráætlun (árið 2022 og á hverju ári eftir það, ef við á)	4.525.000
Mótframlag (ef við á)	
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Verkefnið fellur vel að framtíðarsýn sóknaráætlunar um aukna vitund íbúa um umhverfi og neyslu í samfélagslega ábyrgum landshluta þar sem það felur í sér ítarlega greiningu á þeim reglugerðum, lögum og stefnum sem að okkur snúa og varða umhverfis- og loftslagsmál. Er þar m.a. átt við umhverfisstefnur sveitarfélaga á starfssvæði SSNE, aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum, heimsmarkmið UNESCO, Sóknaráætlun SSNE o.fl.